

Skýrsla unnin fyrir ÞSSÍ

Mat á SIDS ríkjum Kyrrahafsins sem tvíhliða samstarfslönd ÞSSÍ

Jónína Einarsdóttir
Margrét Rósa Jochumsdóttir
Baldur Steinn Helgason

Háskóli Íslands
Júlí 2008

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Mat á samstarfslöndum	5
3	Fjölpjóðastofnanir	8
3.1	<i>Evrópusambandið - ESB</i>	8
3.2	<i>African, Caribbean and Pacific States – ACP</i>	9
3.3	<i>Stofnanir Sameinuðu þjóðanna</i>	10
3.4	<i>Asíski Þróunarsjóðurinn - ADF</i>	10
3.5	<i>Alþjóðabankinn - IDA</i>	11
4	Samstarfslönd	12
4.1	<i>Ástralía</i>	12
4.2	<i>Bandaríkin</i>	13
4.3	<i>Kína</i>	13
4.4	<i>Japan</i>	13
4.5	<i>Nýja Sjáland</i>	13
4.6	<i>Frakkland</i>	14
4.7	<i>Arabísku löndin</i>	14
4.8	<i>Nordic + löndin</i>	14
4.8.1	<i>Bretland</i>	14
4.8.2	<i>Noregur, Holland, Finnland, Danmörk og Svíþjóð</i>	14
5	Svæðasamtök	16
5.1	<i>Svæðasamtakaráð Kyrrahafsins – CROP</i>	16
5.1.1	<i>Pacific Island Forum Secretariat – PIFS</i>	16
5.1.2	<i>Secretariat of the Pacific Community – SPC</i>	17
5.1.3	<i>University of the South Pacific – USP</i>	17
6	Jafnréttismál og þúsaldarmarkmið	18
7	Umræður	20
8	Lokaorð	24
9	Heimildaskrá	25

10	Viðaukar	28
10.1	<i>Upplýsingar um SIDS ríki Kyrrahafsins</i>	28
	Kíríbatí	29
	Marshall eyjar	30
	Míkrónesía	31
	Nárú.....	32
	Palá.....	33
	Túvalú	34
	Tonga	35
	Samóa.....	36
	FidjÍ eyjar	37
	Vanúatú	38
	Salómonseyjar.....	39
	Papúa Nýja Gínea.....	40

1 INNGANGUR

Ísland hefur um nokkurra ára skeið sýnt þróunarsamvinnu við smáeyþróunarríki áhuga og hafa íslensk stjórnvöld meðal annars unnið með samtökum slíkra ríkja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna (Sp), svokölluðum Small Developing Islands States (SIDS).¹ Alls eru meðlimir SIDS 44 og þar af eru 19 í Eyjaálfu. Af þessum 19 eru 14 þjóðir sjálfstæðar og eru 12 þeirra fullgildir meðlimir í Sameinuðu þjóðunum, tvær þjóðir eru í formlegu samstarfi um utanríkis- og varnarmál við Nýja Sjáland, þrjú ríkin lúta stjórn Bandaríkjanna og tvö Frakklands. Af þeim 12 þjóðum sem njóta fulls sjálfstæðis er heildaríbúafjöldi áætlaður um 8.3 milljónir og flatarmál lands um 530.000 km². Túvalú, sem er með innan við 10.000 íbúa og er um 26 km² að flatarmáli, er smæsta ríkið sem er fullgildur aðili að Sp. ÞSSÍ kannar nú mögulega aðkomu sína að samstarfi við eyríki í Kyrrahafinu og hefur falið höfundum þessarar skýrslu að taka saman og leggja mat á eftirfarandi upplýsingar:

1. Að afla upplýsinga um löndin sem þeir telja að gagn sé að.
2. Að greina frá hvort og þá hvaða aðilar veita einhverjum þessara ríkja framlög til þróunarmála og þá hverjum; þ.e. hvaða sjóðir (veitendur marghliða aðstoðar) og hvaða lönd (veitendur tvíhliða aðstoðar) og þá með hvaða hætti og í hvaða geirum. Sérstaklega að afla sé upplýsinga um hvort um sé að ræða tvíhliða aðstoð frá Norðurlöndum eða ríkjum Vestur-Evrópu.
3. Að greina frá því hvort slík aðstoð sé veitt til svæðasamtaka einhverra umræddra ríkja og þá til hvaða svæðasamtaka; hverjir veita aðstoðina, til hvaða viðfangsefna og með hvaða hætti.
4. Að láta í ljós álit sitt á hvort einhver þessara ríkja og þá hver uppfylli þá skilmála um val samstarfsríkja sem ÞSSÍ er ætlað að fara eftir sbr. stefnu og verklagsreglur þær sem samþykktar hafa verið af stjórn stofnunarinnar.
5. Að meta út frá sjónarmiðum þúsaldarmarkmiða Sp og starfshátta alþjóðasamfélagsins um veitingu framlaga til þróunarmála (sbr. reglur DAC og framkvæmd á skuldbindingum Parísaryfirlýsingarinnar) hvort að einhver og þá hver þessara ríkja eða svæðasamtaka þeirra séu valin sem nýr starfsvettvangur ÞSSÍ í þróunarsamvinnu.

Skýrsluhöfundar hafa verið beðnir um að láta í ljós álit sitt á hvort einhver SIDS ríkja Karíbahafsins og Eyjaálfu, og þá hver, uppfylli skilmála um val samstarfsríkja sem ÞSSÍ er ætlað að fara eftir. Skýrslan *Mat á SIDS ríkjum Karíbahafsins sem tvíhliða samstarfslönd ÞSSÍ* (2008) hefur nú þegar verið kynnt. Sú skýrsla hefst á kafla þar sem reifuð eru sjónarmið sem hafa ber í huga við mat á samstarfslöndum og er hann samhljóma þeim sem birtist hér. Þá er gerð grein fyrir helstu fjölþjóðastofnunum og tvíhliða þróunarstofnunum sem eiga í samvinnu við ríki Kyrrahafsins. Svæðasamtökum og markmiðum þeirra er lýst og sérstakur kafla tekur fyrir jafnréttismál og stöðu þúsaldarmarkmiðanna. Þá er lagt mat á hvort eitthvert þeirra 12 ríkja Kyrrahafsins sem eru fullgildir meðlimir í Sp fullnægi skilyrðum um samstarfslönd sem ÞSSÍ vinnur eftir. Loks eru niðurstöður dregnar saman í lokaorðum skýrslunnar.

¹ Nánari umfjöllun um sérstakar aðstæður SIDS landa má finna á: <http://www.iisd.ca/sids.html> og <http://www.sidsnet.org/sidsdocs/impdocs.html>

2 MAT Á SAMSTARFSLÖNDUM

Allt frá því að sett voru lög um ÞSSÍ árið 1981 hefur meginmarkmið íslenskrar þróunarsamvinnu verið að vinna gegn fátækt. Þetta markmið er útfært í stefnumörkunum stofnunarinnar frá árinu 2004 þar sem stuðningur við lýðræðisþróun, jafnrétti og mannréttindi er undirstrikaður. Þar er talað um sérstaka áherslu á að bæta kjör þess fólks sem verst er stadd, sérstaklega kvenna og barna. Samkvæmt stefnu og verklagi ÞSSÍ frá 2004 er meginviðmið í tvíhliða þróunarsamvinnu Íslendinga sem áður að vinna gegn fátækt með áherslu á samvinnu við lönd þar sem lífskjör eru lökust og að hafa skuli þúsaldarmarkmiðin að leiðarljósi (ÞSSÍ, 2004a). Aukin og markviss alþjóðleg samvinna í baráttunni við fátækt er undirstaða þúsaldarmarkmiðanna og aðalmarkmið þeirra er að helminga hlutfall fólks sem býr við örbirgð og hungur í heiminum (miðað við stöðuna árið 1990) fyrir árið 2015. Þúsaldarmarkmiðin eru nú almenn viðmið í allri þróunarsamvinnu og eru höfð að leiðarljósi í þróunarsamvinnu í tví- og marghliða þróunarsamvinnu Íslands (ÞSSÍ, 2004a).

Við mat á fátækt ríkis miðar ÞSSÍ við þjóðartekjur á einstakling vegnar á kaupsmáttarvog (Purchasing Power Parity). Í takt við þá stefnu sem ríkt hefur í alþjóðlegu þróunarstarfi leitast ÞSSÍ einnig við að meta hvort þróunarsamstarfið sé líklegt til að bera tilætlaðan árangur. Það þýðir að sem mest af framlögum til þróunarmála verði beint til fátækra ríkja með skýra stefnu, virkt stjórnsýsluumhverfi og efnahagsstjórn og vilja til að vinna markviss að því að ná þúsaldarmarkmiðunum. Jafnframt kemur fram í stefnu ÞSSÍ að valin verði lönd sem tiltölulega fáar þróunarsamvinnustofnanir styðji fremur en lönd þar sem margar slíkar stofnanir séu að störfum og þróunaraðstoð á hvern íbúa er mikil. Valin verði fremur fámenn þróunarríki fremur en fjölmenn og áhersla lögð á smærri eyríki. Í stefnumiðum ÞSSÍ eru jafnréttismál sett fram sem ein af megináherslum í starfi stofnunarinnar til samræmis við stefnu íslenskra stjórnvalda í jafnréttismálum og stefnum í alþjóðlegu þróunarstarfi (ÞSSÍ, 2004a; ÞSSÍ, 2004b).

Ísland sótti um aðild að DAC árið 2004 og starfar í auknum mæli í samræmi við samþykktir og leiðbeiningar DAC. Samkvæmt stefnu og verklagsreglum ÞSSÍ frá 2004 mun stofnunin starfa í samræmi við samþykktir og leiðbeiningar DAC um þróunarsamvinnu og framkvæmd hennar (ÞSSÍ, 2004a). Samkvæmt DAC er mikilvægt fyrir öll lönd sem stunda þróunarsamvinnu að afmarka vel í stefnumótun sinni landfræðilega dreifingu verkefna, fjölda samstarfslanda og fjölda geira sem unnið er í, en sú nálgun er í anda Parísaryfirlýsingarinnar (OECD, 2005, bls. 47).

Parísaryfirlýsingin var undirrituð árið 2005 af flestum tví- og marghliða þróunarstofnunum heims, og er Ísland meðal þeirra. Yfirlýsingin felur í sér aðgerðarlista með mælanlegum markmiðum og tímaáætlun sem stuðlar á að áþreifanlegum úrbótum. Henni er ætlað að tryggja samræmi milli starfsaðferða og reglna þróunarstofnana (tvíhliða jafnt sem marghliða) við starfsaðferðir og stjórnkerfi þróunarlandanna. Þannig skuli starfsaðferðir skilgreindar í auknum mæli útfrá reglum, vinnuferlum og forsendum viðtakenda framlaganna. Með aukinni þátttöku og eignarhaldi (e. *ownership*) viðtökulanda og samræmingu framlaga við opinber kerfi viðtökulanda (aid alignment) eykst þörfin fyrir aukið gegnsæi í stjórnsýslu beggja aðila þróunarsamstarfsins (e. *mutual accountability*), þ.e. veitenda og þiggjenda

framlaganna. Það er oft mikið óhagræði fyrir stjórnkerfi þróunarríkja að þurfa að sinna mörgum samstarfsaðilum með ólíkar kröfur um aðferðafræði og skýrslugerð sem vinna á sömu svæðum og í sömu geirum hver á sinn hátt. Parísarsáttmálinn leggur því áherslu á samhæfingu milli þróunarstofnanna (e. *aid harmonisation*) sem starfa á sömu svæðum, geirum og verksviðum (Útanríkisráðuneytið, 2008; OECD, 2006).

Frá því árið 1990 hefur nokkur ávinningur orðið í baráttunni gegn fátækt, lækkun barnadauða og bættri heilsu í heiminum. Samkvæmt UNDP hefur árangurinn þó verið mjög misjafn milli heimsálfa, landa og landssvæða. Mikill og langvarandi efnahagshagvöxtur í Kína og Indlandi hefur að miklu leyti keyrt áfram minnkun fátæktar á heimsvísu. Stefnan hefur vissulega verið í rétta átt en árangurinn þó mun hægari í löndum Austur-Evrópu, Mið-Asíu, Rómönsku-Ameríku, sem og ríkjum Karíbahafsins. Í Afríku sunnan Sahara hefur þróunin verið í andstæða átt á mörgum sviðum þúsaldarmarkmiðanna. Í nýrri skýrslu frá UNDP er bent á að þó að þeim sem lifi á minna en 1 USD á dag fari fjölgandi í álfunni (vegna mikillar fólksfjölgunnar) sé hlutfall fátækra að lækka (United Nations, 2007). Ljóst er að hækkun verðs á matvælum og olíu mun hafa neikvæð áhrif á þessa jákvæðu þróun.

Síðan kalda stríðinu lauk hefur í æ ríkari mæli verið lögð áhersla á að gera alþjóðlega þróunarsamvinnu skilvirkari og þróunarstofnanir byrjuðu markvisst að velja lönd með góða stjórnsýslu og skýra stefnumörkun sem samstarfslönd. Þessi aukna krafa um þróunarsamvinnu umhverfi í samstarfslöndum hefur verið gagnrýnd fyrir að útiloka fátækustu lönd heims frá aðstoð, en þau einkennast ekki aðeins af stjórnsýsluvanda heldur einnig oft af stríðsátökum. Það eru eimitt þessi ríki sem eru skemmst á veg komin með að ná þúsaldarmarkmiðunum. Í október 2002 mættu fulltrúar DAC, WB og UNDP til fundar um þessi lönd sem nefnd hafa verið óstöðug ríki (e. *fragile states*) og jafnvel misheppnuð ríki (e. *failed states*). Varað var við að hætta þróunarsamvinnu við þau þrátt fyrir áhættuna á lélegri árangri (DAC, 2002). Lögð var áhersla á að meta neikvæð áhrif þess að veita þeim ekki aðstoð, sérstaklega fyrir nágrannaríkin, og að finna þyrfti nýjar leiðir til þróunarsamvinnu. Ráðgjafahópur var fenginn til að afla þekkingar á stöðu þessara ríkja.

Niðurstaða skýrslu ofangreinds ráðgjafahóps er að óstöðug ríki fái um 40% minni framlög til þróunarmála en sanngjarnt geti talist, jafnvel þó tekið sé tillit til frammistöðu þeirra (Levin og Dollar, 2005). Mismunun á framlögum til ríkjanna miðað við önnur lág- og millitekjuríki er fyrst og fremst rakin til skertra framlaga frá ríkisstofnunum sem veita tvíhliða aðstoð. Bent er á mikinn mun á umfangi framlaga til þróunarmála til einstakra landa sem falla undir skilgreininguna óstöðug ríki. Sum þeirra séu gæludýr þróunaraðstoðar (e. *aid darlings*) sem fái meiri aðstoð en fátækt og gæði stjórnsýslu þeirra gefi tilefni til á meðan önnur séu s.k. munaðarleysingar (e. *aid orphans*) hvað varðar stuðning. Auk þess einkennist aðstoð til óstöðugra ríkja af því að ekki séu greidd þau framlög sem lofað er og að aðstoðin sé sveifflugjarnari en til annarra landa. Í skýrslunni kemur fram að auka megi framlög til þróunarmála til óstöðugra ríkja án þess að árangri sé stefnt í hættu.

Nýleg skýrsla frá DAC leggur til ákveðnar vinnureglur um samstarf þróunarstofnana við óstöðug ríki (DCD, 2005). Markmiðið er að byggja upp innra starf opinberra stofnana og að allur stuðningur falli að stefnumörkun og stjórnskipan hvers móttökulands um sig. Lögð er áhersla á að það þurfi að bregðast fljótt við vanda

ríkjanna og að það verði gert til lengri tíma, t.d. á grunni 10 ára áætlana. Sérstaklega þurfi að fyrirbyggja að ákveðin lönd verði sk. munaðarleysingar þróunaraðstoðar. Hollenska utanríkisráðuneytið hefur t.d. brugðist við þessum tilmælum. Í skýrslunni *Our Common Concern: Investing in development in a changing world - Policy note Dutch Development Cooperation 2007-2011* kemur fram að hollenska ríkisstjórnin hafi tekið „a deliberate decision with other donors to include fragile states in the list of partner countries to be supported“ (Dutch Ministry of Foreign Affairs, 2007, bls.17).

Skýrsluhöfundar benda á að ofangreind hvatning DAC til þróunarstofnana um að styðja óstöðug ríki, og þá sérstaklega þau sem hafa fengið hlutfallslega litla aðstoð, er í nokkurri andstöðu við þá stefnu ÞSSÍ á að styðja við fátæk ríki með skýra stefnumörkun, virkt stjórnsýslumhverfi og góða efnahagsstjórn. Hins vegar, eins og fram kemur hér að ofan, hefur ÞSSÍ ákveðið að starfa í samræmi við samþykktir og leiðbeiningar DAC um þróunarsamvinnu og framkvæmd hennar.

Með ofangreind sjónarmið í huga um val á samstarfslöndum ákváðu skýrsluhöfundar að afla gagna um eftirfarandi atriði hjá SIDS ríkjum Karíbahafsins:

- Fátækt ríkis mæld út frá þjóðartekjum á einstakling vegnum á kaupmáttarvog (PPP).
- Stöðu ríkis miðað við lista DAC frá 2007 yfir Least Developed Countries (LDCs) og Low Income Countries (LICs) (OECD, 2006).
- Opinber framlög til þróunarmála á íbúa ríkis árið 2005.
- Stjórnsýslulegrar getu ríkis til að veita framlögum til þróunarmála viðtöku og framvindu stefnu þeirra í þróunarmálum (policy performance) metið út frá IRAI stuðli IDA (IDA, 2006).
- Gegnsæi í stjórnsýslu ríkis metið útrá CPI stuðli (Corruption Perception Index 2007) (Transparency International, 2007).
- Undirritun alþjóðlegra sáttmála ríkis sem taka á jafnréttis- og mannréttindamálum.
- Stöðu kvenna metin út frá GEM jafnréttisstuðli UNDP.
- Stöðugleika og stjórnarfars ríkis.
- Stærð ríkis og fólksfjölda.

Skýrsla þessi byggir að mestu leyti á gögnum af heimasíðum tví- og marghliða þróunarstofnana og ýmsum skýrslum og úttektum frá fjölþjóðastofnunum. Flestar tölfræðilegar upplýsingar koma frá vefsíðum UNDP (Human Development Report), OECD, Economist Intelligence Unit, World Bank og CIA World Factbook.

3 FJÖLÞJÓÐASTOFNANIR

Helstu fjölþjóðastofnanir eru starfandi á Kyrrahafssvæðinu. Tafla 1 sýnir framlög stærstu marghliða stofnanna til einstakra eyja fyrir árið 2006 (OECD.stat, 2008).

Tafla 1: Framlög stærstu marghliða þróunarstofnana²

Land	EC	AsDF (Asian Dev. Fund)	UNTA	IDA	UNDP	Unicef	UNFPA	GFATM	UNHCR	GEF
Fíji	8,98		1,22		2,79	2,73				
Kiribati	5,09	0,15	0,37							0,25
Marshall eyjar	0,04	0,10	0,19							
Mikrónesía	0,07	2,45	0,13							
Nárú	0,02		0,12							
Palá	0,02		0,09							
Papúa Nýja Gínea	20,41	15,65	1,97		1,96	1,83	0,99	0,88	0,41	
Samóa	4,01	1,63	0,84	4,24	0,82					
Salómóns eyjar	20,19	6,19	1,00	0,35						
Tonga	1,06		0,59	2,81						
Túvalú	1,31	1,18	0,15							
Vanúatú	7,92		0,84							
Alls (millj. USD)	69,12	27,35	7,51	7,40	5,57	4,56	0,99	0,88	0,41	0,25

3.1 EVRÓPUSAMBANDIÐ - ESB

Evrópusambandið veitir langmestum fjármunum til þróunarsamvinnu af fjölþjóðastofnunum til eyjanna 12 sem hér er fjallað um. Frá því að Lomé samningurinn milli ACP ríkja (A, C og P standa fyrir heimssvæði Afríku, Karíbahafs og Kyrrahafs) og ESB var samþykktur árið 1975 hefur ESB veitt um 194 milljónum evra til svæðisbundinna þróunarverkefna og yfir tveimur billjónum evra til tvíhliða verkefna í ACP löndunum í Kyrrahafinu. Langstærstur hluti þróunaraðstoðar ESB rennur til fjölmennustu eyjanna sem eru einnig meðal fátækustu ríkja svæðisins (Papúa Nýja Gínea og Salómónseyjar) (OECD.stat, 2008).

Þróunarsamvinnuarmur ESB skiptist í tvær meginstofnanir. Í fyrsta lagi EuropeAid sem ber ábyrgð á langtíma þróunarverkefnum ESB og vinnur einnig í nánum tengslum við evrópskar tvíhliða þróunarastofnanir, frjáls félagasamtök, aðrar marghliðastofnanir, ofl. Í öðru lagi ECHO (neyðaraðstoðararmur EC), sem ber ábyrgð á allri neyðaraðstoð framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (EC, 2007).

Svæðisskrifstofa ESB, sem staðsett er á Fíji, sér um svæðisbundin verkefni í Kyrrahafinu. Í töflu 2 er yfirlit yfir nýleg samstarfsverkefni sem ESB hefur tekið þátt í (Europa, ódagsett).

² EC – European Commission, UNTA - United Nations Regular Programme of Technical Assistance, IDA - International Development Agency.

Tafla 2: Samstarfsverkefni við ESB

Title	Amount in € (Million)	Status
1. Development of sustainable agriculture in the Pacific	8.2	Ongoing in French OCTs and Pacific ACPs. Implemented by the Secretariat of the Pacific Community. Last component ending in March 2008
2. Pacific environmental information network II	0.56	The Financing Agreement was signed in March 2005. The Project is foreseen to run until end-2007, covering now - in this second phase - all 14 Pacific ACP countries.
3. Pacific regional oceanic and coastal fisheries	12.5	Ongoing in the 3 French OCTs and 14 Pacific ACPs. Implemented by the Secretariat of the Pacific Community. Last component ending in March 2007
4. Fiji School of Medicine – Construction of a new campus in Suva, Fiji	8	Under this project, entire new campus was constructed in Suva, Fiji. The last building, a new information resource centre, was completed at the end of September 2005.
5. Plant protection in the Pacific	5.8	Ongoing in the 3 French OCTs and 14 Pacific ACPs. Implemented by the Secretariat of the Pacific Community. Last component ending in March 2007
6. Reducing vulnerability of Pacific ACP states	7	Ongoing in the 14 Pacific ACPs. Implemented by the South Pacific Applied Geoscience Commission (SOPAC). Last component ending in June 2007
7. USP human resource development programme 5 in tourism, management and employment and labour studies	5	Implemented by the University of the South Pacific (USP). Will be completed in 2007. Countries covered: Fiji, Kiribati, Papua New Guinea, Samoa, Solomon Islands, Tonga, Tuvalu and Vanuatu
8. Pacific regional initiative for the development of basic education (PRIDE)	8	Implemented by USP. EU support will end in 2008. Countries covered: all 14 Pacific ACP countries
9. Pacific regional economic integration programme	11.2	Implementation by a number of Pacific regional organisations, including PIFS, SPC, SPTO. Work began in mid-2004 and is scheduled to continue until 2009.
10. Technical assistance to the Regional Authorising Officer	1.3	Implementation on-going. Will be completed in 2007. Countries covered: all 14 Pacific ACP countries
11. Grassroots Opportunities for Action and Leadership (GOAL)	0.5	Implemented by Just World Partners. Will be completed in 2006. Countries covered: Fiji and Solomon Islands
12. Transforming our communities through good governance	0.6	Implemented by USP. Will be completed in 2006. Countries covered: Cook Islands, Fiji, Kiribati, Marshall Islands, Nauru, Niue, Samoa, Solomon Islands, Tonga, Tuvalu and Vanuatu
13. Sustainable management of sites of importance for biodiversity in the Pacific	1.3	Implemented by Birdlife International. Will be completed in 2007. Countries covered: Fiji, French Polynesia, New Caledonia, Palau and Samoa
14. Development of Tuna Fisheries in the Pacific ACP Countries	3.0	Project to start in early 2005, for a period of 4 years. Implementing agency : Forum Fisheries Agency, in collaboration with SPC.

3.2 AFRICAN, CARIBBEAN AND PACIFIC STATES – ACP

ACP ríkin eru samtök 79 þróunarlanda sem eru aðilar að Lomé og Cotonou samningunum við Evrópusambandið. Cotonou samningurinn sem undirritaður var árið 2000 tók við af Lomé sáttmálanum sem hafði skapað ramma utan um viðskipti og þróunarsamvinnu milli ESB og ACP ríkjanna frá 1975. Cotonou samningurinn er mun breiðari og fjallar m.a. um aðkomu einkageirans, frjálsra félagasamtaka, verkalýðsfélaga og sveitafélaga. Samningurinn á að hvíla á fjórum meginstöðum: 1. Jafnræði milli aðila, 2. Samvinnu (einnig utanaðkomandi aðila), 3. Sameiginlegri ábyrgð og 4. Frekari svæðavæðingu ACP landa og landa með sérstakar þarfir. Þannig er til dæmis sérstakt tillit tekið til landa með landfræðilega sérstöðu: sem ekki eiga aðgang að sjó, vanþróuðustu ríkin, og smáeyþróunarríkja innan samningsins. Aðal þróunarmur innan þessa samnings er evrópski þróunarsjóðurinn (EDF) (EC, 2008).

Frá 2004 hefur Evrópusambandið unnið að því að víkka út Cotonou samninginn með samningsviðræðum um Economic Partnership Agreements (EPA) við ACP ríkin. Viðræður við ACP ríkin í Kyrrahafinu hafa að einhverju leyti farið fram undir hatti svæðasamtakanna PIFS en einungis verið undirritaður samningur við Fídjeyjar og Papúa Nýju Gíneu. Fátækustu ríkin (LCDs) á svæðinu njóta hinsvegar enn fulls evrópsks markaðsaðgangs fyrir „allt nema vopn“ (ACP-EU-Trade, 2008). Umræða hefur átt sér stað innan ACP ríkjanna um meinta galla hinna yfirgripsmiklu EPA samninga. Eina svæði ACP ríkjanna sem gert hefur gert heildstæðan EPA samning við ESB í nafni svæðasamtaka eru ríkin í Karíbahafinu, sem undirrituðu samninginn 1. janúar 2008 gegnum CARIFORUM (South Centre, 2008).

3.3 STOFNANIR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Stofnanir Sp hafa höfuðstöðvar á eyjunum og eru mjög áberandi á Kyrrahafssvæðinu (sjá töflu 3).

Tafla 3: Svæðis og landsskrifstofur stofnanna Sp.

Land	Svæðaskrifstofur Stofnanna S.þ.
Fídjí	UNDP, UNICEF, UNFPA, WHO, UNIFEM, ILO, UNAIDS, UNOCHA
Samóa	FAO, undp, who, UNESCO
Papúa Nýja Gínea	undp, who, unifem
Tonga	who
Vanuatu	who, UNESCAP
Kiribati	who
Salómonseyjar	who, undp

Leitast hefur verið við að samræma og samhæfa starfsemi þeirra á undanförunum árum, og hefur það starf verið leitt af UNDP sem eru með setur á Fíji og Samóa. Afrakstur þeirrar vinnu er að finna í áætlun UNDAF fyrir Kyrrahafssvæðið sem gefin var út í maí 2007. Áætlunin nær til 14 ríkja. Papúa Nýja Gínea er undanskilið þar sem sérstök áætlun hefur verið unnin fyrir landið, en auk hinna þrettán sjálfstæðu eyríkjanna nær áætlunin einnig til Tokelau. Í áætluninni er gert ráð fyrir að fjögur yfirmarkmið hafi forgang í starfi stofnana Sp í Kyrrahafinu (UN, 2007). Sterk samsvörun er að finna í yfirmarkmiðum Pacific Island Forum Secretariat (PIFS) og Kyrrahafsáætlunar UNDAF, samanber töflu 4.

Tafla 4: Samanburður á áherslum Pacific Islands Forum Secretariat og stofnana Sp.

Áherslur í starfi PIFS og Pacific Plan	Yfirmarkmið UNDAF fyrir Kyrrahafið
Efnahagsvöxtur	Efnahagsvöxtur, jafnræði og minnkun fátæktar
Sjálfbær þróun	Sjálfbær nýting náttúruauðlinda
Góð opinber stjórnsýsla	Betri stjórnsýsla og mannréttindi
Öryggi	Jarn aðgangur að opinberri öryggisþjónustu

Fyrstu áætlanir gera ráð fyrir að heildarkostnaður við framkvæmd UNDAF sé um 310 milljónir USD og þar af er gert ráð fyrir að um 58% séu vegna fimm LDCs landa. Búið er að tryggja framlög fyrir um þriðjung af kostnaði við UNDAF.

3.4 ASÍSKI ÞRÓUNARSJÓÐURINN - ADF

ADF er næst stærsti veitandi marghliða aðstoðar á svæðinu og fjármagnaði árið 2006 verkefni fyrir um 27 milljónir USD sem jafngildir tæpum 2% af heildarframlögum bankans til þróunarmála í heiminum. Framlög bankans á svæðinu beindust helst til fátækari eyja svæðisins og rann þannig stærstur hluti framlaga ADB árið 2006 til Papúa Nýju Gíneu og Salómonseyja (OECD.stat, 2008).

Samkvæmt úttekt OECD á sjóðnum hefur hann veitt eyjunum í Kyrrahafinu langmesta aðstoð á íbúa af þeim svæðum sem hann lánar. Lánsfjármagn í sjóðnum er ekki mikið í samanburði við aðra þróunarbanka og hefur lítið aukist frá 1990 (Asian Development Bank, 2007).

3.5 ALÞJÓÐABANKINN - IDA

Alþjóðabankinn, nánar tiltekið IDA (The International Development), tók þátt í fjármögnun verkefna á þremur eyjum árið 2006 á Samóa, Salómonseyjum og Tonga. Framlög bankans til svæðisins voru um 7,4 milljónir USD árið 2006 en það eru um 0,02% af heildarframlögum bankans til þróunarmála í heiminum (OECD.stat, 2008).

4 SAMSTARFSLÖND

Margar tvíhliða þróunarstofnanir eru starfandi á Kyrrahafssvæðinu. Tafla 5 sýnir heildarframlög til þróunarsamvinnu (Gross ODA) sex stærstu veitenda þróunaraðstoðar til þeirra 12 landa sem fjallað er um í skýrslunni fyrir árið 2006. Nordic Plus löndin eru lituð gul og eru framlög þeirra höfð til hliðsjónar (OECD.stat, 2008).

Tafla 5: Heildarframlög sex stærstu veitenda þróunaraðstoðar (USD gengi 2006).

Land	Australia	US	Japan	Nýja Sjáland	Frakkland	Arab Countries	UK	Noregur	Holland	Finnland	Danmörk	Svíþjóð
Fíj	21,87	1,34	9,03	5,92	1,44		0,50					
Kiribati	-63,44	0,77	9,88	2,08			0,09					
Marshall eyjar	0,81	51,00	3,12	0,08				0,01				
Mikrónesía	1,81	98,58	5,33	0,20								
Náru	16,57		0,48	0,20								
Palá	0,52	27,00	9,34									
Papúa Nýja Gínea	242,17	0,18	12,70	13,65	0,19	4,68	0,44	0,59	0,28	0,11		0,04
Samóa	13,33	0,75	16,82	7,34								
Salómóns eyjar	146,42	0,01	14,30	17,65	0,03		0,17					
Tonga	7,65	0,90	4,41	6,08	0,01						0,10	
Túvalú	3,00		8,28	1,41								
Vanúatú	21,51	3,23	4,00	7,00	5,63		0,04	0,01				
Alls (millj. USD)	412,22	183,76	97,69	61,61	7,30	4,68	1,24	0,61	0,28	0,11	0,10	0,04

4.1 ÁSTRALÍA

Ástralía veitti um 23% af heildarframlögum sínum til þróunarsamvinnu til eyjanna í Kyrrahafinu og veitir langhæstum framlögum til þróunarmála á svæðinu eða alls um 412 milljónum USD árið 2006. Þetta er rúmlega tvöfalt meira en Bandaríkin, sem voru næst stærsti tvíhliða aðilinn í þróunarsamvinnu (OECD.stat, 2008).

Meginmarkmið Ástralíu í þróunarsamvinnu á svæðinu er að vinna gegn fátækt, stuðla að sjálfbærri þróun, styrkja stjórnsýslu- og efnahagsstjórn landanna og þjónustugeirann. Mestöll framlögin renna til Papúa Nýju Gíneu og Salómónseyja sem eru fátækustu ríkin af þessum 12 ríkjum. AusAID áætla að áströlsk stjórnvöld muni veita 389,4 milljónir dollara í framlög til Papúa Nýju Gíneu árið 2008-2009 og 236,42 millj. dollara til Salómónseyja. Framlögin til Salómónseyja renna bæði í gegnum RAMSI (The Regional Assistance Mission to Solomon Islands) sem og í gegnum tvíhliða þróunarverkefni.

Áströlsk stjórnvöld beina framlögum í gegnum AusAID og áströlsk og alþjóðleg fyrirtæki. AusAID leggur jafnframt framlög til stofnanna sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni eins og World Vision og Oxfam og alþjóðlegra þróunarstofnana eins og Rauða krossins, UNICEF og UNDP. Einnig styrkir AusAID verkefni sem vinna gegn fátækt í þróunarríkjum og eru sett upp af Alþjóðabankanum og Asísku þróunarbankanum (AUSAID, 2007).

Árið 2006 veitti Ástralía, samkvæmt DAC, 76% af heildarframlögum sínum til þróunarmála til vanþróuðustu (LDCs) og fátækustu (LICs) landa heims. Þess má geta að 88% af þróunaraðstoða Ástrala til Kyrrahafseyjanna 12 rann til eyja sem tilheyra LCDs og LICs eyja (OECD.stat, 2008).

4.2 BANDARÍKIN

Bandaríkin eru næst stærsti veitandi þróunaraðstoðar til eyjanna í Kyrrahafinu en 96% af aðstoðinni rennur til þriggja hlutfallslega vel stæðra eyja (Palá, Míkrónesíu, og Marshallleyja). Eyjurnar þrjár telja samtals aðeins um 200 þúsund íbúa og eiga það sameiginlegt að vera fyrrum nýlendur Bandaríkjanna (Sampson, ódagsett).

4.3 KÍNA

Kína hefur á skömmum tíma aukið þróunarsamvinnu sína í Kyrrahafinu og er nú orðinn þriðji stærsti aðili í þróunarsamvinnu á svæðinu á eftir Ástralíu og Bandaríkjunum. Nýleg rannsókn, gerð af Lowy Institute, í Ástralíu sýnir veldisaukningu í framlögum Kína til þróunarmála í litlum Suður-Kyrrahafslöndum. Skýrslan gefur sterkt til kynna að ástæður fyrir þessari hröðu aukningu að Kína sé að reyna að kaupa sér pólitískan stuðning eyjanna, þá sér í lagi vegna stöðu Taívan. Utanríkisráðuneyti Kína hefur hins vegar formlega neitað þessum ásökunum og segir aðstoðina vera án allra skilmála (Reuters foundation, 2008; Barker, 2008).

4.4 JAPAN

Samkvæmt OECD var Japan þriðji stærsti veitandi tvíhliða þróunaraðstoðar á svæðinu árið 2006. Ólíkt öðrum löndum dreifast framlög Japan nokkuð jafnt milli landanna 12. Hæstu framlög Japan renna til eyjanna Samóa, Papúa Nýju Gíneu, Túvalú, Kíríbatí og Salómónseyja. Þessar eyjar falla allar í flokk vanþróuðustu ríkja heims (LCDs) nema Papúa Nýja Gínea sem er LIC. Þegar tekið er tillit til fólksfjölda veitir Japan einnig hlutfallslega stórum hluta af aðstoð sinni til vel stæðra eyja eins og Palá, sem hlaut um 9,34 milljónir USD árið 2006 (eða um 443 USD á íbúa ári frá Japan einu og sér) (OECD.stat, 2008).

Samkvæmt heimasíðu japönsku þróunarsamvinnustofnunarinnar (JICA) vinnur stofnunin að langmestu leyti á eyjum sem hlotið hafa sjálfstæði. Helstu verkefni tengjast uppbyggingu mannauðs og þekkingar (þ.e. eru á sviði menntunar og heilsugæslu), styrkingu opinberra stofnanna, nýtingu náttúruauðlinda, náttúruvernd og uppbyggingu mannvirkja (s.s. vega, flugvallar, raforkuvera og vatnsbóla) (JICA, 2007).

4.5 NÝJA SJÁLAND

NZAID (New Zealand's Official Development Assistance) sér um opinbera þróunaraðstoð Nýja Sjálands. Nýja Sjáland er í þróunarsamvinnu í öllum löndunum 12 nema í Palá. NZAID veitir tvíhliða aðstoða til eyjanna en vinnur einnig að svæðisbundnum verkefnum á sviði menntunar-, heilsu-, umhverfis-, stjórnmála-, fiski-, viðskipta- og efnahagsmála. NZAID veitir framlög til svæðisbundinna stofnanna eins og Pacific Islands Forum Secretariat og UNICEF Pacific.

Framlög Nýja Sjálands til eyjanna renna mest til Papúa Nýju Gíneu og Salómónseyja. Á Papúa Nýju Gíneu eru áherslurnar á heilsumál, grunnmenntun, lífsviðurværi í dreifbýli, stjórnunar- og réttarkerfið, samfélags- og jafnréttismál og eflingu kvenna. Á Salómóns eyjum hefur NZAID unnið í samstarfi við RAMSI (The Regional Assistance Mission to Solomon Islands) og árið 2006 unnu þeir í samstarfi við AusAID og the Ministry of Infrastructure and Development við að byggja upp brýr og vegi í landinu. Árið 2007 vann NZAID einnig með DFMR (the Department of

Fisheries and Marine Resources) að því að þróa og hanna 5 ára verkefni sem vinnur að því að bæta getu DFMR til að vernda og stjórna fiskauðlindum og þróa starfsemi í kringum fiskveiðar (NZAID, 2007).

4.6 FRAKKLAND

Frakkland er eina land Evrópusambandsins sem veitir veruleg framlög til þróunarmála í Kyrrahafinu. Landið var fimmti hæsti veitandi framlaga til þróunarmála á eyjunum 12 árið 2006 og langmestur hluti þeirra rann til frönskumælandi Vanúatú. Gerður var samstarfssamningur á milli Frakklands og Vanúatú sem gildir frá 2006-2010, en þar segir að aðaláherslan í samstarfinu muni liggja á sviði menntunnar annars vegar og landbúnaðar hins vegar (French Foreign Ministry, 2006).

Frakkland beinir 30% af opinberum framlögum sínum til þróunaraðstoðar í gegnum Evrópusambandið og fjölþjóðlegar stofnanir eins og Alþjóðabankann og Aljóðagjaldeyrissjóðinn en mestur hluti framlaganna er beint gegnum tvíhliða þróunarsamvinnu (Marlaud, 2006).

4.7 ARABÍSKU LÖNDIN

Arabísku löndin beindu öllum framlögum sínum árið 2006 til þróunarmála á Kyrrahafseyjunum til Papúa Nýju Gíneu (OECD.stat, 2008).

4.8 NORDIC + LÖNDIN

4.8.1 Bretland

Bretland er það land innan Nordic+ hópsins sem veitti mestum framlögum til þróunarsamvinnu á eyjunum í Kyrrahafinu árið 2006. Hlutfallslega veitir Bretland þó mjög litlum fjármunum til þróunarsamvinnu á svæðinu, eða um 0,01% af heildarframlögum sínum. Stærstum hluta framlaga til svæðisins beinir Bretland til eyjanna Fiji og Papúa Nýju Gíneu (OECD.stat, 2008).

Meginmarkmið Þróunarsamvinnustofnunnar Breta - DFID (Department for International Development) er að vinna gegn fátækt og beinir stofnunin 62% framlaga sinna gegnum tvíhliða þróunarsamvinnu (DFID, ódagsett). Framlögum breskra stjórnvalda til þróunarmála í Kyrrahafinu er að miklu leyti beint í gegnum marghliða stofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar, Samveldi sjálfstæðra ríkja, Evróubandalagið, Alþjóðabankann og Asíska bankann (FCO, 2008).

4.8.2 Noregur, Holland, Finnland, Danmörk og Svíþjóð


Þessi lönd beindu örlitlum hluta sinnar þróunaraðstoðar til svæðisins, eða um 0,02% af heildarframlögum sínum til þróunarmála í heiminum. Nær öll framlög til þróunarsamvinnu landanna runnu til Papúa Nýju Gíneu, fyrir utan Danmörku sem veitti sínum framlögum til Tonga (OECD.stat, 2008).

Norska þróunarsamvinnustofnunin NORAD beindi framlögum sínum árið 2006 til náttúruverndar og uppbyggingu lagaramma um náttúruvernd. Landið veitti einnig örlitlum framlögum til Marshall eyja og Vanúatú (NORAD, 2007). Danmörk styrkti einnig marghliða orkuverkefni sem kallast *Pacific Islands Energy for Sustainable*

SIDS ríki Kyrrahafsins

Development (PIESD) sem er í gangi fyrir eyjarnar í Kyrrahafinu til ársins 2012 (UNDESA, 2007).

Kort af Kyrrahafseyjunum³



³ Tekið af vef http://www.paclii.org/journals/FJSPL/vol06/images/oceania_map.jpg

5 SVÆÐASAMTÖK

5.1 SVÆÐASAMTAKARÁÐ KYRRAHAFSINS – CROP

The Council of Regional Organisations in the Pacific (CROP), eða svæðasamtakaráð Kyrrahafsins, hefur það markmið að samræma áætlanagerð meðlimsríkjanna. CROP var stofnsett til að bæta samvinnu og auka samræmingu meðal mismunandi svæðisbundinna stofnana (SPC, 2002).

Alls eru stofnanir, eða sk. svæðasamtök, CROP ellefu talsins (tafla 6). Ein þessara stofnana, Pacific Island Forum Secretariat (PIFS) veitir CROP forstöðu og má líta svo á að PIFS gegni lykilhlutverki á sviði svæðisbundinnar samvinnu í Kyrrahafinu, þó svo að í mörgum tilfellum standi fleiri aðildarlönd að baki öðrum CROP stofnunum (SPC, 2002).

Tafla 6: Yfirlit yfir CROP stofnanir í Kyrrahafinu

Stofnun	Aðalstöðvar	Heimasíða
Pacific Island Forum Secretariat (PIFS)	Suva, Fídjí	HTTP://WWW.FORUMSEC.ORG.FJ/
Secretariat of the Pacific Community (SPC)	Noumea, Nýja Kaledónía	HTTP://WWW.SPC.INT/CORP/
University of the South Pacific (USP)	Suva, Fídjí	HTTP://WWW.USP.AC.FJ/
Forum Fisheries Agency (FFA)	Honiara, Sólómon Eyjar	HTTP://WWW.FFA.INT/
South Pacific Regional Environmental Programme (SPREP)	Apia, Samóa	HTTP://WWW.SIDSNET.ORG/PACIFIC/SPREP/
South Pacific Geoscience Commission (SOPAC)	Suva, Fídjí	HTTP://WWW.SOPAC.ORG/TIKI/TIKI-INDEX.PHP
Pacific Power Association	Suva, Fídjí	HTTP://WWW.PPA.ORG.FJ/ABOUT.SHTML
South Pacific Tourism Organisation	Suva, Fídjí	HTTP://WWW.SPTO.ORG/
Fiji School of Medicine	Suva, Fídjí	HTTP://WWW.FSM.AC.FJ/
South Pacific Board for Education Assessment	Suva, Fídjí	HTTP://WWW.SPBEA.ORG.FJ/INDEX.HTML
Pacific Island Development Programme	Honolulu Hawaii	HTTP://WWW.EASTWESTCENTER.ORG/PACIFIC-ISLANDS-DEVELOPMENT-PROGRAM/PACIFIC-ISLANDS-NEWS/

5.1.1 Pacific Island Forum Secretariat – PIFS

Markmið the Pacific Islands Forum Secretariat er að stuðla að aukinni hagsæld og félagslegri velferð, sjálfbærri þróun, bættum stjórnarháttum og öryggi meðal meðlima samtakanna. Unnið skal að bættri samvinnu milli þeirra og við þróunarstofnanir. Meðlimir eru Ástralía, Cook eyjar, Míkrónesía, Fídjí, Kíríbatí, Nárú, Nýja Sjáland, Níue, Palá, Papúa Nýja Gínea, Marshalleyjar, Samóa, Salómonseyjar, Tonga, Túvalú og Vanúatú (PIFS, 2008b).

Þungamiðjan í starfi PIFS er svo kallað *Pacific Plan*, eða þróunaráætlun á svæðisvísu sem fyrst var samþykkt í október 2005 og er hugsuð til tíu ára (PIFS, 2008a). Þessi áætlun er þó í stöðugri endurskoðun en hún byggir á fjórum meginmarkmiðum PIFS. Á samsráðfundinum með þróunarstofnunum 8. apríl 2008 kom fram að á sl. ári hafi verið ákveðið að leggja sérstaka áherslu á fimm málaflokka á næstu árum, sjávarútveg (fisheries), endurnýjanlega orku og málum sem tengjast samgöngum, verslun og viðskiptum. Á heimasíðu PIFS kemur fram að veiðar og sjávarútvegur er talinn til mikilvægra þátta efnahagslífs ný þeirra SIDS þjóða sem eru aðilar að PIFS og eiga jafnframt fulla aðild að Sameinuðu þjóðunum (PIFS, 2008b).

5.1.2 Secretariat of the Pacific Community – SPC

Markmið SPC er að veita tæknilega ráðgjöf, rannsóknarþjónustu og aðstoð við áætlanagerð og skipulagsmál. SPC tekur að sér verkefnavinnu í samvinnu við meðlimsríki, önnur samtök og þróunarstofnanir. Árið 2005 voru helstu stuðningsaðilar Ástralía, Japan, Evrópusambandið, Nýja Sjáland, Frakkland, Taívan, Pýskaland, Bandaríkin og fjöldi fjöl- og alþjóðlegra stofnana (SPC, 2008)

Á undanförunum þremur árum hefur Sjávarútvegsskólinn átt í nánun samstarfi við SPC um þróun og framkvæmd námskeiða, annars vegar um gagnasöfnun og stofnmat fiskistofna á strandsvæðum, og hins vegar mótun stefnu og veiðistjórnun.

5.1.3 University of the South Pacific – USP

Tólf lönd í Kyrrahafinu standa að USP. Aðalstarfsemi skólans er á Fídjí, en á Samóaeyjum er stofnun sem kennir landbúnað og vinnslu matvæla (School of Agriculture) og á Vanúatú er stofnun sem veitir BSc nám í lögum (School of Law). Í hinum aðildarlöndunum eru fjarkennslumiðstöðvar auk þess sem á sumum stöðum er einhver bein kennsla, t.d. fullorðinsfræðsla, enska o.s.frv. Nemendur árið 2004 voru um 16.500 talsins og þar af var helmingurinn í fjarnámi. Hlutfall kvenna hefur aukist nokkuð jafnt og þétt á undanförunum árum og var um 53% árið 2004 (USP, 2004)

USP er ein af lykilstofnunum á svæðinu sem Sjávarútvegsskólinn á í samstarfi við um þróun námsefnis og námskeiðahald og tóku þrír lektorar þaðan taka þátt í verkefni skólans.

6 JAFNRÉTTISMÁL OG ÞÚSALDARMARKMIÐ

Efling kvenna hefur verið mikil í Kyrrahafinu og samfélögin hafa náð þó nokkrum framförum í átt til aukins jafnréttis kynjanna. Enn er þó langt í land því skilyrði fyrir konur á sviði mennta-, atvinnu- og stjórn mála eru þeim enn verulega í óhag í flestum landanna og launamunur og kynjamismunur er mikil. Staða kvenna innan stjórn mála er sérstaklega bágborgin, en konur á Kyrrahafssvæðinu telja að meðaltali aðeins um 5,5% sæta á þjóðþingum (UNDP/SPC, 2004).

Í skýrslu um stöðu þúsaldarmarkmiðanna í Kyrrahafin segir að til þess að ná betri árangri í jafnréttismálunum þurfi að afla frekari upplýsinga og gagna um hversu óhagstæð staða kvenna sé í raun og veru og þeirra áhrifa sem ójafnrétti hafi á framgang þúsaldarmarkmiðanna (UNDP/SPC, 2004).

UNIFEM (United Nations Development Fund for Women) er þróunarsjóður Sameinuðu Þjóðanna í þágu kvenna. Hann var stofnaður árið 1976 í kjölfar fyrstu heimsráðstefnu Sp um málefni kvenna. Aðalskrifstofa UNIFEM er í höfuðstöðvum Sp í New York en sjóðurinn heyrir undir UNDP (Þróunarmálastofnun Sp). Sjóðurinn vinnur í meira en 100 löndum, rekur 15 svæðisskrifstofur víðs vegar um heim og 16 landsnefndir vinna að fjáröflun og vitundarvakningu í sínum löndum (Ísland er þar á meðal). UNIFEM fer með umboð Sp til að styðja verkefni sem vinna að bættri stöðu kvenna í samræmi við alþjóðleg markmið og vinnur með stjórnvöldum og frjálsum félagasamtökum (UNIFEM, 2008).

UNIFEM leggur áherslu á að konur séu virkir þátttakendur á öllum stigum stefnumótunar í þróunarsamvinnu aðildarríkja Sp og þjónar því hlutverki að vera brautryðjandi á sviði jafnréttismála í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Sp. Árið 1997 var svæðisskrifstofa opnuð á Fiji eyjum í Kyrrahafinu. Þau lönd sem skrifstofan styður verkefni í eru: Cook Islands, Míkrónesía, Fiji eyjar, Kíríbatí, Marshall eyjar, Nárú, Niue, Palá, Papúa Nýja Gínea, Samóa, Salómónseyjar, Tokelau, Tonga, Túvalú og Vanúatú (UNIFEM, 2008).

Frá 2008 til 2011 mun UNIFEM (2008) í Kyrrahafinu leggja áherslu á:

- Að vinna að því að hvers konar ofbeldi gegn konum verði ekki liðið og stöðva útbreiðslu HIV/AIDS meðal kvenna og stúlkna
- Frið og öryggi
- Að efla efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna
- Að ná jafnrétti á stjórn málasviðinu
- Að hvetja til aðgerða stjórnvalda í jafnréttismálum

Sjá upplýsingar um verkefni á heimasíðu UNIFEM í Kyrrahafinu

Þegar staða þúsaldarmarkmiða er skoðuð kemur í ljós að margt hefur áunnist í baráttunni fyrir bættri heilsu barna og kvenna, jafnréttismálum, grunnmenntun og sjálfbærri þróun, eins og tafla 7 sýnir fyrir sjö eyjanna (UNDP/SPC, 2004; UNDP-Fiji, 2008).

Tafla 7: Staða þúsaldarmarkmiðanna

		Fíj	Salómoneyj	Tonga	Marshall eyjar	Vanúatú	Túvalú	Kíríbatí	Palá	Míkrónesía	Nárú
		2004	2004	2005	2005	2005	2006	2007	N/A	N/A	N/A
MDG 1	Eyða fátækt og hungri.	Vantar	Vantar	Jákvæð þróun	Jákvæð þróun	Ólíklegt	Jákvæð þróun	Ólíklegt	Í vinnslu	Í vinnslu	Vantar
MDG 2	Öll börn njótu grunnskólamenntunar árið 2015.	Jákvæð þróun	Á réttu leið	Á réttu leið	Ólíklegt	Jákvæð þróun	Á réttu leið	Á réttu leið			
MDG 3	Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna.	Á réttu leið	Ólíklegt	Jákvæð þróun	Á réttu leið	Jákvæð þróun	Á réttu leið	Ólíklegt			
MDG 4	Lækka dánartíðni barna.	Jákvæð þróun	Vantar	Á réttu leið	Á réttu leið	Jákvæð þróun	Jákvæð þróun	Jákvæð þróun			
MDG 5	Vinna að bættu heilsufari kvenna.	Jákvæð þróun	Á réttu leið	Á réttu leið	Á réttu leið	Jákvæð þróun	Á réttu leið	Jákvæð þróun			
MDG 6	Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum	Ólíklegt	Vantar	Jákvæð þróun	Jákvæð þróun	Vantar	Ólíklegt	Ólíklegt			
MDG 7	Vinna að sjálfbærri þróun.	Jákvæð þróun	Jákvæð þróun	Á réttu leið	Jákvæð þróun	Á réttu leið	Jákvæð þróun	Ólíklegt			
MDG 8	Styrkja hnattræna samvinnu um þróun.	Jákvæð þróun	Vantar	Vantar	Vantar	Vantar	Vantar	Jákvæð þróun			

(UNDP/SPC, 2004; UNDP-Fíj, 2008)

Samkvæmt áströlsku Þróunarsamvinnustofnuninni (AUSAID) hafa lífsgjör almennt farið batnandi á Kyrrahafssvæðinu á síðastliðnum 15 árum. Framtíðarhorfur eru hinsvegar nokkuð mismunandi þegar litið er til einstakra eyríkja. Kyrrahafsríkin eru flest nokkuð varnarlaus sökum smæðar sinnar, fábreytni í framleiðslu, fjarlægð frá mörkuðum og veikra innviða í stjórnum. Efnahagsvöxtur hefur verið lítill, ójafn og rokgjarn. Samfélagsleg vandamál og ófriður hefur haldið aftur efnahagslegum framförum (t.a.m. dróst landsframleiðsla Salómoneysja saman um 25% frá 2000 til 2003). Hröð fólksfjölgun í sumum löndum á svæðinu skapar einnig ný vandamál þegar hugað er að sjálfbærri og stöðugri efnahagsþróun. HIV/Eyðni er einnig vaxandi vandamál á eyjunum en upplýsingar um stöðu mála á einstökum eyjum mjög gisnar og eru aðeins til fyrir tvær eyjur. Samkvæmt AUSAID munu þættir eins og bætt opinber stjórnsýsla og styrking þjóðarímyndar einnig hafa jákvæð áhrif á bætt lífsgæða (AUSAID, 2007).

7 UMRÆÐUR

Löndin 12 sem fjallað er um í þessari skýrslu eiga það sameiginlegt að vera sjálfstæð smáeyþróunarríki í Kyrrahafinu. Ríkin eru öll á lista OECD yfir þróunarlönd. Fimm landanna flokkast með vanþróuðustu ríkjum heims (LDCs) og eitt er í hópi fátækustu ríkja heims (LICs), fjögur eru í hópi lægri-milltekju þróunarlanda (LMICs) og tvö í flokki hærri-milltekju þróunarlanda (UMICs) (OECD, 2006).

Við mat á mögulegum samstarfslöndum ÞSSÍ líta skýrsluhöfundar á þrjá þætti sem stofnunin leggur mikla áherslu á við val á samstarfslöndum. Þeir þættir eru: Meðaltekjur á íbúa vegnar á kaupmáttarvog (PPP), fátækt þróunarlands miðað við flokkun OECD (LDCs, LICs, MIC og UMICs) og opinber framlög til þróunarmála (ODA) á íbúa í viðkomandi löndum. Þessum þremur þáttum er ætlað að meta fátækt ríkja og þá aðstoð sem þau hljóta frá alþjóðlegum þróunarstofnunum. Tölur 8 og 9 bera saman þessa þætti við val á samstarfslöndum, annars vegar í mögulegum samstarfslöndum ÞSSÍ í Kyrrahafinu og hins vegar, til samanburðar, í sex núverandi samstarfslöndum ÞSSÍ í sunnanverðri Afríku, Mið-Ameríku og Suður-Asíu.

Tafla 8: Meðaltekjur á íbúa, staða ríkis og aðstoð á íbúa í Kyrrahafslöndunum

Land	DAC skilgreining þróunarlanda	PPP (USD/íbúa) 2005	Þróunaraðstoð (USD/íbúa) 2005
Kíríbatí	LDC	4.597	281,2
Marshall eyjar	LMIC	2.900	893,9
Míkrónesía	LMIC	7.242	962,5
Nárú	UMIC	5.000	685,7
Palá	UMIC	7.600	1.161,4
Túvalú	LDC		761,0
Tonga	LMIC	8.177	310,3
Samóa	LDC	6.170	237,6
Fídjíeyjar	LMIC	6.049	75,5
Vanúatú	LDC	3.225	186,8
Salómónseyjar	LDC	2.031	415,0
Papúa Nýja Gínea	LIC	2.563	45,2
Meðaltal Kyrrahafslanda		5.050	501,3
Meðaltal LDC landa		1.499	33,9
Meðaltal LIC landa		2.531	18,2

Mikill munur er á þróunaraðstoð til mismunandi ríkja á Kyrrahafssvæðinu en lang flest hljóta ríkin þó umfangsmikla þróunaraðstoð. Upphæð þróunaraðstoðarinnar er hinsvegar ekki í neinu samræmi við þjóðartekjur, en þau lönd sem hljóta hæstu þróunaraðstoð á íbúa (Palá, Marshallseyjar og Míkrónesía) eru meðal efnahagslega best settu ríkja svæðisins. Þessar eyjar eru allar fyrrverandi bandarískar nýlendur og hlutu þær að meðaltali um 1.000 USD á íbúa árið 2005. Það land sem fékk hins vegar minnstu þróunaraðstoðina er Papúa Nýja Gínea, sem er í flokki fátækustu ríkja heims (LICs). Papúa Nýja Gínea hlaut aðeins 45,5 USD á íbúa árið 2005 og meðaltekjur á íbúa vegnar á kaupmáttarvog (PPP) eru jafnframt næstlægstar af öllum eyjunum eða 2.563 USD á íbúa.

Tafla 9: Meðaltekjur á íbúa, staða ríkis og aðstoð á íbúa í samstarfslöndum ÞSSÍ

Samstarfsland ÞSSÍ	DAC skilgreining þróunarlanda	PPP (USD/íbúa) 2005	Þróunaraðst (USD/íbúa) 2005
Srí Lanka	LMIC	4.595	60,7
Nígaragúa	LIC	3.674	134,9
Namibía	LMIC	7.586	60,7
Úganda	LDC	1.454	41,6
Malaví	LDC	667	44,7
Mósambík	LDC	1.242	65,0
Meðaltal		3.203	67,9

Fimm ríki í Kyrrahafinu (Kíríbatí, Túvalú, Samóa, Vanúatú og Salómónseyjar) og þrjú núverandi samstarfslöndum ÞSSÍ (Úganda, Malaví og Mósambík) eiga það sameiginlegt að vera í flokki vanþróuðustu ríkja heims (LDCs). Það sem skilur hópana tvo að er að LDC löndin í Kyrrahafinu fá margfalt meiri þróunaraðstoð en núverandi samstarfslönd ÞSSÍ. Meðaltal þróunaraðstoð á íbúa í núverandi samstarfslöndum ÞSSÍ var 67,9 USD á íbúa árið 2005 en 501,3 USD á íbúa í Kyrrahafinu (og til samanburðar má geta að hún var 87,2 USD/íbúa á Karíbahafseyjunum sama ár). Undantekningar frá þessum háu framlögum til þróunarmála til Kyrrahafseyja eru Papúa Nýja Gínea sem fær aðeins 45,2 USD/íbúa og Fídjíeyjar sem fá 75,5 USD/íbúa.

